

Fundargerð fjallskilastjórnar fyrrum Bæjarhrepps.

Fundur haldin hjá fjallskilastjórn fyrrum Bæjarhrepps í Hvalsárrétt 26. ágúst 2014.

Byrjað var á að skoða réttina og kom þá í ljós að lamir á hurðum úr almenningi inn í dílka eru farnar að ryðga nokkuð og festast. Hannes tekur að sér að smurja og síðan þarf að verja þær fyrir veturninn með feiti.

Við skoðun á aðkeyrslu fyrir fjárlutningabíla að sú aðstaða og plan þar sem þeir athafna sig er farið að láta á sjá og ekki í góðu ásigkomulagi. Líkur eru á að eitthvað láti undan í umferð haustsing og því þarf að bregðast við með því að hreinsa uppúr nokkru svæði og keyra burt. Síðan þarf að fylla í að nýju með möl. Samþykkt að óska eftir fjárstuðningi frá sveitarfélagini til þessarar framkvæmdar. Formanni falið að sjá um það.

Georg Jón Jónsson baðst undan leitarstjórn í Kvíslarlandi og samþykkir Ingimar Sigurðsson að taka þá leitarstjórn að sér.

Farið var yfir leitarseðil. Samþykkt var að halda fjallskilum óbreyttum frá fyrra ári þar sem greitt er með hverri vetrarfóðraðri kind kr85. Greiðslur til jöfnunar fjallskila kr5500

Samkvæmt fjallskilasamþykkt Húnabings vestra verður fyrsta leit laugardaginn 20. september. Kvíslarland verður leitað föstudaginn 19. september.

Samþykkt var að nýta 200.000 króna fjallvegastyrk til lagfæringar á vegi fram á Hrafnadal. Formaður hefur rætt við Björgvin Skúlason varðandi umsjón með því verkefni og hefur hann þegar hafið þann undirbúning.

Hannes tekur að sér að ræða við Björgvin Skúlason um viðhald á réttargirðingu.

Formaður tekur að sér að útbúa leitarseðil og gera kláran til dreifingar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ingimar Sigurðsson (sign)

Hannes Hilmarsson (sign)

Jónas Jónasson (sign)